

## Fundargerð 440

Miðvikudaginn 11. maí 2016 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinnsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddný María Gunnarsdóttir boðaði forföll og ekki fékkst varamaður í hennar stað.

Formaður setti fund kl. 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
3. Fundargerðir lánanefndar
4. Staða lánasafnsins 31.03.2016
5. Tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja
6. Framfylgd jafnréttisáætlunar
7. Þóknun fyrir endurskoðunarnefnd
8. Sauðfjárrækt – skilgreining svæða
9. Erindi frá Árneshreppi
10. Önnur mál
11. Næsti fundur
12. Nýbygging fyrir Byggðastofnun – skoðunarferð

Að loknum fundi var fyrirhugað að skoða staðsetningu nýrrar skrifstofubyggingar Byggðastofnunar.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerðir funda nr. 437 og 439 og voru þær samþykktar samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016

AÐ og MH fóru yfir rekstur fyrstu fjóra mánuði ársins. SBS, EGK og AÐ fóru yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun. SBS sagði frá fundum með ráðuneytum vegna byggðaáætlunar og fundi með fjármálaráðuneytinu vegna vinnu við fjárlagagerð. AÐ sagði frá fundi sínum með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um verkefni sem ráðherra hefur áhuga á að stofnunin vinni. AÐ sagði frá íbúafundi í Grímsey og formaður frá íbúafingi á Vopnafirði. Báðir fundir gengu vel og góð mæting.

### 3. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 13/16, 20. apríl 2016.*

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 14/16, 4. maí 2016.*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

...

Fundargerðin staðfest.

#### **4. Staða lánasafnsins 31.03.2016**

EGK fór yfir stöðu lánasafnsins 31. mars sl.

#### **5. Tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja**

AP og HÁ kynntu minnisblað um málið en Fjármálaeftirlitið (FME) hefur staðfest leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Í umræðuskjali sem FME sendi frá sér í febrúar á þessu ári segir m.a. eftirfarandi:

Markmiðið með tilmælunum er að skýra nánar skyldur stjórnar og stjórnenda fjármálafyrirtækja vegna ákvæða í lögnum sem varða stjórnarhætti með því að tilgreina hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fullnægja þeim skyldum. Í tilmælunum er að finna heildstætt yfirlit yfir þær kröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir til innri stjórnarháttá fjármálafyrirtækja. Jafnframt veita tilmælin yfirsýn yfir brýnustu verkefni stjórnar, sem Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að sé sinnt af kostgæfni. Tilmælin byggja á viðmiðunarreglum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (ESA) frá 27. september 2011, EBA Guidelines on Internal Governance (GL44) sem eru hluti af tilmælunum. Stuðst er við viðmiðunarreglur ESA um stjórnarhætti við framkvæmd SREP, sbr. umræðuskjal nr. 2/2016 um drög að viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum.

Það er álit HÁ og annarra stjórnenda Byggðastofnunar að stofnunin standi vel gagnvart ákvæðum tilmællanna og að innra sem ytra skipulag stofnunarinnar standist þær kröfur sem þar koma fram. Til að hnykkja á þessu er lagt til að við 1. gr. reglna um störf stjórnar Byggðastofnunar bætist við ný málsgrein:

*„Störf stjórnar Byggðastofnunar skulu taka mið af reglum leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.“*

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Framfylgd jafnréttisáætlunar**

MH fór yfir framfylgd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar 2015. Skv. úttekt á jafnlaunakerfi stofnunarinnar voru konur, að teknu tilliti til jafn verðmætra starfa, með 3,2% lægri laun en karlar. Það er undir markmiðum stofnunarinnar um 3,5% launamun.

## 7. Þóknun fyrir endurskoðunarnefnd

EEE vék af fundi þar sem hann situr í endurskoðunarnefnd.

Um er að ræða framhald af umræðu frá fundi stjórnar nr. 439 en forstjóra var falið að koma með tillögur um þóknun fyrir setu í endurskoðunarnefnd. AÐ fór yfir minnisblað þar sem fram komu dæmi um laun sem greidd eru til nefndarmanna í endurskoðunarnefndum nokkurra lífeyrissjóða og sparisjóða. Eins voru lagðar fram tillögur til umræðu.

Ákveðið var að fresta ákvörðun og var formanni falið að skrifa ráðherra bréf þar sem óskað verður eftir endurskoðun á þóknun fyrir setu í stjórn Byggðastofnunar.

EEE kom aftur á fundinn

## 8. Sauðfjárrækt – skilgreining svæða

SBS fór yfir bréf sem borist hafði frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Í bréfinu er óskað eftir tillögum frá Byggðastofnun um skilgreiningu á þeim svæðum sem eiga skuli kost á svæðisbundnum stuðningi í sauðfjárrækt og hvernig útteilingu svæðisbundins stuðnings skuli háttað milli framleiðenda á hinum skilgreindu svæðum.

Umræður urðu um málið en ákveðið að fresta því til næsta fundar.

Fundi frestað kl. 12:23 og framhaldið kl. 12:55

## 9. Erindi frá Árneshreppi

AÐ fór yfir erindi frá Árneshreppi þar sem ítrekuð var ósk um að farið verði í samfélagslegt átak fyrir Árneshrepp svipuðu verkefninu um Brothættar byggðir.

Forstjóra falið að funda með sveitarstjórn Árneshrepps og fara yfir þau verkfæri sem Byggðastofnun hefur upp á að bjóða og upplýsa ráðherra byggðamála (sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra) og ráðherra sveitarstjórnarmála (innanríkisráðherra) um stöðu mála í Árneshreppi.

## 10. Önnur mál

AÐ sagði frá eftirfylgni Ríkisendurskoðunar á þeim ábendingum sem stofnunin beindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og lúta að stuðningi ríkisins við atvinnu- og byggðaþróun.

- Fyrsta ábendingin laut að þörf á að endurskoða stefnumótun. Þar þyrftu markmið að vera skýr og taka mið af raunverulegum aðstæðum í atvinnu- og byggðamálum á hverjum tíma. Einnig þyrfti að forgangsraða aðgerðum, áætla kostnað við þær og skilgreina árangursmælikvarða. Þá þyrfti ráðuneytið að ábyrgjast að stefnan samrýmdist öðrum áherslum stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum og hafa frumkvæði að samstarfi þeirra aðila sem hlut ættu að máli.
- Önnur ábendingin laut að þörf á að bæta skipulag og efla eftirlit. Ríkisendurskoðun benti á að tryggja þyrfti heildarsýn um þá aðila sem styddu við atvinnu- og

byggðapróun í umboði ráðuneytisins og stuðla að samvinnu þeirra. Endurskoða þyrfti stuðningskerfið frá grunni, einfalda það og efla eftirlit með aðilum kerfisins og árangri styrkveitinga.

- Í þriðja lagi benti Ríkisendurskoðun á að gera þyrfti kostnaðar- og ábatagreiningu vegna stuðnings við atvinnu- og byggðapróun til að meta mætti árangur.
- Í fjórða lagi benti Ríkisendurskoðun á að ákveða þyrfti hlutverk og framtíð Byggðastofnunar og aðkomu hennar að stuðningi við atvinnu- og byggðapróun.

Ríkisendurskoðun telur ráðuneytið hafa brugðist með fullnægjandi hætti við þessum ábendingum.

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur verður mánudaginn 13. júní nk. á Reykhólum.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:30.

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____